

C 5/2017/kk

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin

Nefndarálit eftirlitsnefndarinnar um
**skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Norræna menningarsjóðsins
2016**

Tillaga

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að færa til bókar reikninga og endurskoðunarskýrslu vegna Norræna
menningarsjóðsins

Forsaga

Eftirlitsnefndin gerir á hverju ári úttekt á endurskoðunarskýrslu og ársreikningi
Norræna menningarsjóðsins. Einnig vegna ársins 2016.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er sú að ársreikningur Norræna menningarsjóðsins
(NKF) gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember
2016.

Að mati endurskoðunar eru fyrir hendi verkreglur og innra eftirlit sem stuðlar að því
að ráðstafanir sem ársreikningur getur um séu í samræmi við lög og reglur, gerða
samninga og viðteknar venjur.

Sjónarmið eftirlitsnefndarinnar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun Danmerkur telur að ársreikningur
Norræna menningarsjóðsins gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu
sjóðsins og enn fremur að ekki komi fram verulegar athugasemdir varðandi
ársreikning NKF fyrir árið 2016.

Reykjavík, 20. september 2017

Christian Poll (Alternatívet)
Eva Sonidsson (S)
Irene Johansen (A)

Jan Lindholm (MP), formaður
Liselott Blixt (DF)